

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/86**  
**komudagur 29.10.2013**

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. október 2013.

Efni: Frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (2. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur felur í sér þó nokkrar aðgerðir á tekjuhlíð fjárlaga næsta árs.*

Heilt yfir má segja að frumvarp þetta sé tíðindalítið miðað við sambærileg frumvörp undanfarin ár, eins og [skattayfirlit Viðskiptaráðs](#) ber með sér. Þó er vert að nefna nokkur atriði, bæði almenn en einnig sértæk. Hvað fyrri flokkinn varðar má í fyrsta lagi nefna hversu hengugt það er að frumvörp af þessum toga séu lögð fram á Alþingi svona tímanlega. Vinnubrögð ráðuneytisins eru að þessu leyti til eftirbreytni.

Í öðru lagi eru efni til að fagna áherslum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í skattamálum, þar sem einfaldleika og skilvirkni er gert hátt undir höfði, þó áhrifa hennar gæti aðeins að takmörkuðu leyti í frumvarpi þessu. Hvað þetta varðar vill undirritaður benda nefndinni á nýlega áfangaskýrslu starfshóps um skattamál fyrirtækja. Þar er að finna margvíslegar tillögur að einföldun á skattkerfi atvinnulífsins án þess að höggva skarð í tekjur ríkissjóðs.<sup>1</sup>

Hvað varðar sértæku athugasemdir undirritaðs þá má annars vegar nefna fyrirhugaðar breytingar á tryggingagjaldinu. Eins og reifað er ágætlega í frumvarpinu var tryggingagjaldið hækkað umtalsvert í nokkrum þrepum á undanföllum árum. Það hefur ekki gengið til baka eins og vænta mátti og lækkun frumvarpsins bætir lítið þar úr. Tryggingagjaldið er ekkert annað en skattur á atvinnu, eitthvað sem kemur löskuðum vinnumarkaði afar illa. Þetta endurspeglar sumpart skakka forgangsröðun fjárlagafrumvarpsins eins og komið var inná í nýlegri grein hagfræðings Viðskiptaráðs.<sup>2</sup>

Hins vegar má nefna að þó vel sé í vondu kerfi að lækka almenna fjársýsluskattinn þá er bankaskatturinn hækkaður, svipað og gert er með tryggingagjaldið. Rétt væri að setjast niður og endurmeta þessa skattlagningu í heild sinni í stað þess að plástra kerfið með þessum hætti. Þá má nefna að talsverð óvissa er líkleg til að myndast um heimtur bankaskattsins, en þegar hefur verið rætt um að skilanefndir gömlu bankanna hyggist láta reyna á réttmæti hans fyrir dómstólum. Í ljósi þess hversu lítið má út af bregða til að ríkið skili ekki halla á næsta ári væri tilvalið að huga strax að því til hvaða aðgerða á útgjaldahlíð skal grípa til fari svo að skatturinn teljist ekki standast stjórnskrá.

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands

<sup>1</sup> [Starfshópur um skattamál fyrirtækja, áfangaskýrsla, apríl 2013.](#)

<sup>2</sup> Sjá grein Viðars Ingasonar, [Er hagvöxtur aukaatriði?](#)